

f e k í

Félag enskukennara á Íslandi
Association of Teachers of English in Iceland
Pósthólf 7122
127 Reykjavík
Iceland

Menntamálanefnd Alþingis
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur
Þórshamri við Templarasund
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Eindli nr. P 118 / 663
komudagur 9 11 1995

Reykjavík, 28. desember 1994

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla.

Í 17. grein laganna um framhaldsskóla segir að í námsgreinum skuli taka mið af lokamarkmiði námsbrautar. Enskukennarar fagna því að nemendur eigi að fá sérstakt námsefni og kennslu í ensku, tengt sérsviði, og telja það auka líkur á markvissri kennslu. Á undanförmum árum hefur þess gætt að sérhópar og áfangar hafi verið lagðir niður vegna sparnaðar.

Samræmd próf og könnunarpróf eru boðuð á báðum skólastigum í auknum mæli frá því sem nú er. Slík próf eru vandmeðfarin og við gerð þeirra er æskilegast að saman fari þekking á erlenda tungumálinu, þekking á kennslufræði erlendra tungumála og þekking á próffræði ásamt yfirsýn og innsýn í starfshætti skóla. Þessu má ná fram með samvinnu nokkurra aðila: Fagfélaga tungumálakennara, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Rannsóknarstofnunar í uppeldismálum. Rétt er að mati stjórnarinnar að löggin kveði á um slíka samvinnu.

Í álitni nefndar um mótun menntastefnu er víða talað um að tryggja kennurum og skólastjórnendum aðgang að fræðslu, stuðning og ráðgjöf um mat, þróunarstarf, rannsóknir og kennsluhætti. Í lögunum er þessi tónn ekki jafn sterkur og þykir okkur það miður.

Í álitni nefndarinnar er boðað að vinna þurfi upp vandaða námsskrá fyrir bæði skólastigin. Að mati stjórnarinnar er það brýnt verkefni.

Í heild er mat stjórnarinnar þetta: Mjög margt er í nefndarálitinu og lögunum sem gæti þýtt breytingar til hins betra en hnykkja mætti betur á atriðum þeim sem að ofan eru talin. Stjórnin vill taka það skýrt fram að hún telur að kerfisbreytingar einar dugi mjög skammt. Ef raunverulegar breytingar eiga að nást fram verður að styðja við kennara og skólastjórnendur og fylgja breytingum eftir á uppbyggilegan hátt, að öðrum kosti er hætt við að við sitjum uppi með nýtt kerfi og gamlar starfsaðferðir.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Félags enskukennara

Gerður Guðmundsdóttir
Gerður Guðmundsdóttir